



## VERKBEIÐNI– UMBOÐ

### A. Verkbeiðni til LR

Undirritaður (hér eftir nefndur verkbeiðandi) óskar eftir því að Lögfræðistofa Reykjavíkur (hér eftir nefnd LR) kt. 560500-2890, Borgartúni 25, Reykjavík, veiti verkbeiðanda lögfræðilega þjónustu til gæslu þeirra hagsmuna sem hér verður lýst. Lögmenn LR samþykkja að taka að sér verk samkvæmt yfirlýsingu þessari, en LR tilnefnir lögmann sem ábyrgð bera á framkvæmd verksins. Verkbeiðandi hefur verið lántaki samkvæmt lánsamningi við íslenska fjármálastofnun. Vísað er til skilmála í lánsamningnum sem heimila lánveitanda að breyta einhliða vaxtafæti láns (breytilegir vextir). Af þessu tilefni óskar verkbeiðandi eftir því að LR inni eftirfarandi þjónustu af hendi (verklýsing):

1. Afli gagna um lán verkbeiðanda hjá íslenskum lánveitendum, skv. umboði þessu, þ.e. lán með breytilegum vöxtum
2. meti réttarstöðu verkbeiðanda og hvort verkbeiðandi kunni að eiga kröfu á hendur lánveitanda vegna ofgreiddra vaxta,
3. reikni kröfufjárhæð, og setji fram kröfubréf á hendur viðkomandi lánveitanda,
4. veiti ráðgjöf um ráðstafanir til þess að tryggja að krafa um endurgreiðslu fyrnist ekki,
5. sjái um uppgjör kröfunnar þegar niðurstaða liggur fyrir í fordæmisgefandi dómsmálum, og
6. aðrar ráðstafanir til innheimtu hugsanlegrar kröfu eins og samkomulag verður um á hverjum tíma.

### B. Umboð.

Með yfirlýsingu þessari er veitt umboð til lögmans til gagnaöflunar hjá íslenskum lánveitendum. Á grundvelli umboðsins er LR heimilt að afla gagna sem varða lánaviðskipti verkbeiðanda hjá öllum fjármálastofnunum sem eru eftirlitsskyldar skv. 2. gr. laga nr. 87/1998 samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (viðskiptabankar, lánastofnanir, lífeyrissjóðir). Vísar umboðið til allra gagna um slík lán, þ. á m. lánsamninga og tengdra skjala, veðskjala, gagna um greiðslusögu, afborganir, vaxtaútreikning og stöðu láns. Umboðið nær til þess að veita gögnunum viðtöku á hvaða formi sem er, á pappír eða rafrænu formi, eins og LR telur hentugast.

### C. Um þóknun.

Verkbeiðandi greiðir árangurstengda þóknun sem skal nema 20% af fjárhagslegum ávinningi hans af málalokum þ.e. af heildarfjárhæð sem innheimt verður. **Engin þóknun er greidd ef engin árangur verður af innheimtunni.** Þó skal þóknun aldrei vera lægri en innheimtuþóknun eða málskostnaður sem lánveitandi greiðir. Ef höfða þarf dómsmál til þess að innheimta kröfuna og til þess að slíta fyrningu, skal samið sérstaklega um verklaun lögmans. Dómsmál verður hvorki höfðað né gripið til annarra ráðstafana fyrir hönd verkbeiðanda, umfram það sem tilgreint er í verklýsingu 1-5, nema samkvæmt sérstöku samkomulagi við verkbeiðanda og skal þá verkbeiðandi greiða réttargjöld og sambærilegan útlagðan kostnað nema um annað sé samið.

### D. Frestir, tilkynningar o.fl.

Undirrituðum er kunnugt um að verkbeiðni þessi og umboð eru veitt samhliða mörgum samkynja beiðnum. Úrvinnsla allra verkbeiðna kann að taka töluverðan tíma, og getur LR ekki ábyrgst að gripið verði til allra ráðstafana skv. verklýsingunni án tafar. Með yfirlýsingu þessari tilgreinir



verkbeiðandi tölvupóstnetfang sitt. Verkbeiðandi staðfestir að LR sé heimilt að senda hvers konar tilkynningar og orðsendingar á hið tilgreinda netfang. LR er heimilt að afhenda og deila öllum þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli umboðs þessa með Neytendasamtökunum, enda skal það einungis gert til þess að undirbúa mögulegar málsóknir.

Reykjavík, \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala:

Símanúmer:

Tölvupóstur:

Vottar:

\_\_\_\_\_  
Nafn

kt.

\_\_\_\_\_  
Nafn

Kt.



Lögfræðistofa Reykjavíkur